Nr. 20.
2.
oktbr.

# Lög

um

breyting á 5. grein tilskipunar um bæjarstjórn í Reykjavík 20. apríl 1872.

**Vjer Christian hinn Níundi,** af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

**Gjörum kunnugt:** Alþingi hefur fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykku Voru:

1. grein.

Við kosningar í bæjarstjórn Reykjavíkur er bæjarfulltrúum skipt í tvo hluti, og skal annar þeirra vera einum fjölmennari en hinn. Meiri hlutinn skal kosinn af öllum karlmönnum í kaupstaðnum, sem eru orðnir fullra 25 ára að aldri, þegar kosningin fer fram, eru eigi öðrum háðir sem hjú, hafa óflekkað mannorð, eru fjár síns ráðandi, er ekki lagt af sveit, eða hafi þeir þegið sveitarstyrk, þá endurgoldið hann eða verið gefinn hann upp, hafa verið heimilisfastir í kaupstaðnum næsta ár á undan kosningunni frá nýári til nýárs, og greitt það ár að minnsta kosti 8 kr. í bein bæjargjöld. Kosningarrjett hafa og ekkjur og aðrar ógiptar konur, er fullnægja skilyrðum þeim fyrir kosningarrjetti, er sett eru í lögum 12. maí 1882 um kosningarrjett kvenna og í þessari grein. Minni hluti bæjarfulltrúa skal kosinn af $^1/_5$ hluta allra hinna áðurtöldu bæjarbúa, er kosningarrjett hafa og mest hafa greitt í bæjargjöld síðasta ár frá nýári til nýárs, ef þessi $^1/_5$ hluti hefur goldið minnst $^2/_3$ hluti allra gjaldanna. Nái fimmtungur ekki þessari upphæð, skal svo mörgum viðbætt af þeim, sem mest greiða, úr hinum $^4/_5$ pörtunum, að þessari gjaldaupphæð verði náð. Hafi fleiri greitt jafnmikil gjöld á því ári, og það verður nauðsynlegt, að nokkrir þeirra gangi til kosningar til þess að ná hinum fyrnefnda fimmtung af kjósendum eða $^2/_3$ pörtum af gjaldaupphæðinni, skulu þeir allir ganga til kosningar.

Kjörgengur er hver sá karlmaður, er atkvæðisrjett á við kosningu meiri hluta bæjarfulltrúa.

Autoriseret Oversættelse i Henhold til Lov 18de September 1891.

# Lov

Nr. 20.
2den
Oktbr.

om

## Forandring i § 5 i Forordning om Bestyrelsen af Købstaden Reykjaviks kommunale Anliggender af 20de April 1872.

**Vi Christian den Niende,** af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenborg,

Gøre vitterligt: Altinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

§ 1.

Med Hensyn til Valg af Reykjaviks Byraads Medlemmer deles Antallet af Medlemmerne i to Dele, af hvilke den ene Del er 1 større end den anden. Valgberettigede til den større Del ere alle Mandspersoner i Købstaden, som paa den Tid, Valget foregaar, have opnaaet 25 Aars Alderen, for saa vidt de ikke staa i personligt Tjenesteforhold som Tyende, have et uplettet Rygte, ere raadige over deres Formue, ikke nyde Understøttelse af Fattigvæsenet, eller have modtaget nogen saadan Hjælp, uden at denne enten er tilbagebetalt eller eftergivet, have i det forud for Valget gaaende Kalenderaar været bosatte i Købstaden og i dette Aar i direkte Skat til denne svaret et Beløb af mindst 8 Kr. Ligeledes ere Enker og andre ugifte Kvinder valgberettigede, naar de fyldestgøre de i Lov om Kvinders Valgret af 12te Maj 1882 og nærværende Paragraf fastsatte Betingelser.

Den mindre Del af Byraadet vælges af den Femtedel af Købstadens fornævnte valgberettigede Indvaanere, som i det sidste Kalenderaar have udredet det største Skattebeløb til Byen, for saa vidt denne Femtedel har svaret i det mindste $^2/_3$ af Byens samtlige Skatter, i modsat Fald medtages saa mange af de højstbeskattede blandt de øvrige fire Femtedele, at dette Skattebeløb naas. Er der i det paagældende Kalenderaar udredet et lige Beløb af flere, og det bliver nødvendigt at medtage nogen af disse for at naa den ovennævnte Femtedel af Vælgerne eller de ovennævnte $^2/_3$ af Skattebeløbet, medtages de alle.

Valgbar til Byraadet er enhver Mandsperson, som er valgberettiget ved Valgene til den større Del af Byraadets Medlemmer.

Nr. 20. 2. oktbr.

Feður og afkomendur mega ekki sitja í bæjarstjórninni í senn.

2. grein.

5. grein í tilskipun 20. apríl 1872 um bæjarstjórn í kaupstaðnum Reykjavík er úr lögum numin.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

*Gefið á Amalíuborg, 2. október 1895.*

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

***Christian R.***

(L. S.)

*J. Nellemann.*

Beslægtede i den op- og nedstigende Linie maa ikke paa samme Tid have Sæde i Raadet. Nr. 20. 2den Oktbr.

§ 2.

§ 5 i Forordning 20de April 1872 om Bestyrelsen af Købstaden Reykjaviks kommunale Anliggender ophæves.

Hvorefter alle vedkommende sig have at rette.

**Givet paa Amalienborg, den 2den Oktober 1895.**

---

**Ministeriet for Island, den 2den Oktober 1895.**

*J. Nellemann.*

*Ólafur Halldórsson.*